

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026.

Niðurstöðuskjal vegna innsendra erinda í Samráðsgátt stjórnvalda.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið birti drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026 í Samráðsgátt stjórnvalda 6. júní 2023, mál nr. 107/2023. Opið var fyrir umsagnir til 10. júlí 2023 eða í um fimm vikur. 36 umsagnir bárust í gáttina, frá jafn mörgum umsagnaraðilum, sem ýmist voru einstaklingar, félagssamtök, stofnanir eða fyrirtæki.

Eftirfarandi sendu inn umsagnir: Eiríkur Rögnvaldsson; Jón Þórhallsson; Sigríður Huld Jónsdóttir; Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður; Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, fyrir hönd fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps; Jónella Sigurjónsdóttir; Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður; Helga Ágústsdóttir fyrir hönd kennsluráðgjafa grunnskóla hjá Miðju máls og læsis; Landskerfi bókasafna; Símennt, samtök fræðslu- og símenntunarstöðva; Anna Sigríður Bragadóttir, forstöðumaður Háskólagrunns Háskólans í Reykjavík; Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, fyrir hönd sérfræðinga í íslensku á Menntavísindasviði; Sigríður Sigurjónsdóttir fyrir hönd málnefndar Háskóla Íslands; Rithöfundasamband Íslands; Alþýðusamband Íslands; Lina Hallberg; Max Darryl Naylor; Austurbrú; Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Thelma Einarsdóttir Menntavísindasviði Háskóla Íslands; Magnús Þór Jónsson fyrir hönd Kennarasambands Íslands; Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Ólína Þorvarðardóttir Kjærúlf og Anna Jóna Kristjánsdóttir fyrir hönd Háskólans á Bifröst; Árni Grétar Finnsson fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins; Joanna Dominiczak, Sólborg Jónsdóttir og Sólveig Hildur Björnsdóttir fyrir hönd Mímis – símenntunar; Philip Vogler; Ármann Jakobsson fyrir hönd Íslenskrar málnefndar; Ágústa Þorbergsdóttir fyrir hönd Íðorðafélagsins; Sigurður Hannesson fyrir hönd Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntateknifyrirtækja; Félag fagfólks á skólasöfnum; Renata Emilsson Peskova fyrir hönd Móðurmáls – samtaka um tvítýngi; Katrín Friðriksdóttir fyrir hönd starfsfólks á miðlunarsviði Menntamálastofnunar; stjórn Ísbrúar – félags kennara sem kenna íslensku sem annað mál; Ólöf Garðarsdóttir fyrir hönd Hugvísindasviðs Háskóla Íslands; Guðrún Nordal fyrir hönd Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; Hildur Betty Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins; Lilja Björk Guðmundsdóttir fyrir hönd Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda; The Tin Can Factory/Tungumálaskólinn ehf.

Umsagnaraðilar eiga það sammerkt að fagna framkominni tillögu til þingsályktunar og lýsa yfir stuðningi við aðgerðaáætlunina sem felst í henni. Margar athugasemdir eru jafnframt um það sem betur má fara í aðgerðunum og þar að auki ábendingar um nýjar tillögur sem æskilegt væri að hrinda í framkvæmd. Jafnframt var víða kallað eftir nánari útlistun á kostnaði við einstakar aðgerðir. Í þessu samantektarskjali verða ábendingum og tillögum gerð skil eftir því sem ástæða þótti til og gerð grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á samráðsskjalinu í kjölfarið.

Í aðgerðaáætluninni sem fylgir þingsályktunartillögunni voru upphaflega 18 aðgerðir sem flestar eru á ábyrgð einstakra ráðuneyta. Fimm aðgerðir eru á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðuneytis og einnig fimm á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytis. Upphaflega voru fjórar aðgerðir á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytis en eftir endurskoðun í kjölfar samráðs var einni aðgerð bætt við, *Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál*. Þrjár aðgerðir eru á ábyrgð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis og ein aðgerð er á ábyrgð Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Í aðgerðaáætluninni sem lögð verður fyrir Alþingi eru því nú 19 aðgerðir í stað 18 áður.

Við hverja aðgerð eru gefin dæmi um hugsanlega samstarfsaðila. Upptalning á þeim var gerð í dæmaskyni en átti ekki að vera endanleg. Fjölmargar ábendingar bárust frá umsagnaraðilum um að bæta mætti þeim eða öðrum við upptalninguna. Í nokkrum tilfellum hefur það verið gert. Ítrekað skal þó að eftir sem áður er aðeins um dæmi að ræða og sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að óskað verði eftir samstarfi við aðila þótt hans sé ekki getið í aðgerðaáætluninni.

Viðbrögð við umsögnum um aðgerðir á forræði menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Aðgerð 7, *Viðhorf til íslensku*, fjallar um að aflað verði reglubundinna upplýsinga um viðhorf landsmanna til tungumálsins. Ábendingar komu fram frá umsagnaraðilum, m.a. Eiríki Rögnvaldssyni, Ólöfu Garðarsdóttur og Sigríði Sigurjónsdóttur um að ástæða væri til að tilgreina ýmsar stofnanir og fræðimenn Háskóla Íslands sem samstarfsaðila í verkefninu. Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur þegar ýtt verkefninu úr vör með samtali við aðila sem þegar kanna hugi landsmanna á öllum aldri til ýmissa málefna. Ráðgert er að könnunin nái til barna á skólaaldri og til fullorðinna einstaklinga. Heppilegt þótti að koma verkefninu sem fyrst af stað því viðhorfsmælingin getur gefið mikilvægar upplýsingar sem nýtast í ýmsum aðgerðum á vegum stjórnvalda. Ekki er ólíklegt að þegar verkefninu verður haldið áfram til lengri tíma verði samið við aðra aðila um framkvæmd verkefnisins, hvort sem það verður innan háskólanna eða annars staðar. Í forkönnun vegna aðgerðarinnar var leitað til nokkurra aðila sem sérhæfa sig í viðhorfskönnunum. Háskóli Íslands hefur frá upphafi verið skráður sem hugsanlegur samstarfsaðili í verkefninu, ásamt Íslenskri málnefnd, og koma ýmsar undirstofnanir þar til greina í framhaldinu. Ábending um sérstakt samstarf vegna verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* er tekin til greina. Athugasemd vegna notkunar Háskóla Íslands á vefumsjónarkefi á erlendu tungumáli er hins vegar rétt að beina að Háskóla Íslands sem ber ábyrgð á kerfinu. Alþýðusamband Íslands bendir undir þessum lið á þörf á að bæta viðhorf landsmanna til íslensku sem töluð er með hreim. Það er réttmæt athugasemd og liður í því getur verið að afla í könnunum sérstaklega eftir upplýsingum um þetta viðhorf. Ábending frá Hugvísindasviði HÍ um að viðhorfa annarsmálshafa sé sérstaklega aflað er mjög góð og verður tekin til greina. Viðhorfskannanir af því tagi sem hér er verið að tala um eru mikilvægur grundvöllur til að meta stöðu íslenskunnar í samfélaginu og móta framtíðarsýn í málstefnu stjórnvalda. Aðrar athugasemdir, t.d. hvað varðar fræðilegar kröfur og aðferðir við viðhorfskannanir, verða nýttar í áframhaldinu.

Aðgerð 8, *Mikilvægi listar og menningar*, fjallar um að mikilvægi íslenskunnar sé haldið á loft í tengslum við listsköpun og miðlun menningar, ekki síst fyrir börn og ungmenni. Rithöfundasamband Íslands telur rétt að draga bókmenntir sérstaklega fram þegar fjallað er um listir og menningu og telur skrif á íslensku eina af frumforsendum þess að íslenskan lifi áfram. Tekið er undir mikilvægi bókmenntanna þegar kemur að íslenskri tungu. Á vegum stjórnvalda er verið að ýta úr vör vinnu við gerð íslenskrar bókmenntastefnu. Á þeim vettvangi verður bókmenntir á íslensku og íslenskar bókmenntir teknar til sérstakrar umfjöllunar. Hugvísindasvið vakti athygli á mikilvægi þýðinga í menningarlífi landsmanna og því að ástæða væri til að tiltaka annarsmálshafa hér líka, auk barna og ungmenna. Vísa má til aðgerðaáætlunar um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024–2028 vegna ákalls um að sérstök áhersla sé lögð á börn og ungmenni að þessu leyti. Þar er að finna aðgerðir sem fjalla að talsverðu leyti um sömu mál og hér eru nefnd, t.d. stofnun sérstaks Barnamenningarsjóðs Íslands, Miðstöðvar barnamenningar og verkefnið List fyrir alla. Orðalagsbreytingar hafa verið gerðar á aðgerðinni í kjölfar athugasemda sem bárust.

Aðgerð 9, *Aukin talsetning og textun á íslensku*, hefur verið útvíkkuð og nær nú einnig til fræðslu um mikilvægi málörvunar og málproska fyrir foreldra og fagfólki í skólstarfi, auk bætts aðgengis barna og ungmenna að fjölbreyttu stafrænu efni á íslensku. Nýjum verkþætti er bætt við til að bregðast við ábendingum frá Sigríði Sigurjónsdóttur, Linu Elisabet Hallberg og Sigríði Ólafsdóttur um mikilvægi málörvunar og fræðslu um málproska bæði fyrir skólasamfélag og almenning en unnið verður að slíkri fræðslu í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneyti og fleiri aðila. Ábending barst frá Sigríði Sigurjónsdóttur um að í dag séu til góð opin talsetningarforrit og að fjármagna þurfi umfangsmikla gagnasöfnun til að þjálfa mállíkön í íslensku svo góð talgreiningarþjónusta verði aðgengileg fyrir sem flesta. Einnig var bent á að nefna mætti háskólana hér sem samstarfsaðila. Ábendingunni verður vísað til starfshóps um gerð nýrrar máltækni-áætlunar, sbr. svar við umsögn við aðgerð 16, *Framtíð máltækni*. Í 3. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 segir að lögin gildi um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi. Í 2. mgr. 29. gr. laganna segir að hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Á ákvæðið þó ekki við um endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðum eða þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku og ber því að skilja að erlendum streymisveitum og fjölmiðlum ber ekki skylda til að talsetja og texta efni hérlendis. Auk þeirra sem talsetja og texta eru kvikmyndahús, réttthafar myndefnis og myndefnisleigur. Þar sem háskólar hafa eðli málsins samkvæmt ekki aðkomu að talsetningu og textun myndefnis fjölmiðlaveitna eða annarra, er ekki að sjá að háskólar séu skilgreindir ábyrgðaraðilar aðgerðar. Háskólar hafa hins vegar aðkomu að aðgerð 16 um *Framtíð máltækni*. Leiði greining á umfangi og

möguleikum fyrir aukna talsetningu og textun og vinna starfshóps í máltækni til mögulegrar samlegðar verður það kannað til hlítar.

Aðgerð 10, *Íslenskugátt*, er samvinnuverkefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (Árnastofnun) og menningar- og viðskiptaráðuneytis en verður framkvæmt af Árnastofnun og hýst á vegum stofnunarinnar. Íslenskugáttinni er sérstaklega miðuð við þarfir yngri málnotenda og þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Gáttinni er ætlað að veita á einfaldan og þægilegan hátt aðgang að helstu orðabókum og máltæknilausnum sem henta markhópnum. Áætlanir miðast við að hægt verði að opna fyrstu gerð Íslenskugáttar fyrri hluta árs 2024. Í umsögn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er réttilega bent á að þessi aðgerð styðji við ýmsar aðrar aðgerðir í áætluninni. Íslenskugáttinni er einmitt ætlað að styðja við íslenskunám yngri málnotenda og málnotenda sem hafa íslensku ekki sem móðurmál.

Aðgerð 16, *Framtíð máltækni*, fjallar um að með gerð nýrrar máltækniáætlunar verði tryggt að þeirri vinnu sem unnin var á verk tíma áætlunarinnar *Máltækni fyrir íslensku 2018–2022*, verði viðhaldið og að hún komi að sem bestum notum í samfélaginu. Breiður starfshópur hefur þegar tekið til starfa og átt fjóra fundi um hvernig framtíð máltækni sé best fyrir komið. Ábendingar komu frá umsagnaraðilum, m.a. Háskóla Íslands og Sigríði Sigurjónsdóttur um að ástæða væri til að tilgreina háskóla sem samstarfsaðila í verkefninu. Háskóli Íslands og Háskóli Reykjavíkur reka báðir öflugt máltæknistarf, voru beinn þátttakandi í þróun ýmissa verkefna á verk tíma síðustu máltækniáætlunar og eiga fulltrúar beggja skóla sæti í starfshópi um máltækni. Ábendingin er réttmæt og verður tekin til greina. Ábending Hugvísindasviðs Háskóla Íslands um að fjármagn verði sett í að rannsaka hættu sem fylgir máltækni og gervigreind, í samhengi við bjaga þar sem hallar á minnihlutahópa er góð og gild og tekin til greina. Atriði þetta hefur einmitt borið á góma á fundum starfshóps um máltækni og er eitt af þeim atriðum sem stýrihópur um gerð næstu máltækniáætlunar mun hafa í huga þegar tillögur að næstu máltækniáætlun verða gerðar.

Aðgerð 18, *Íslenska er sjálfsagt mál*, snýst um að sýni- og heyrnleiki íslenskunnar í almannarýminu verði gert hátt undir höfði. Í aðgerðinni felst að kallað verði eftir samráði við atvinnulíf og opinberar stofnanir. Nokkrir umsagnaraðilar tóku undir mikilvægi aðgerðarinnar. Alþýðusamband Íslands bendir á að aðgerðin megi ekki verða til þess að aðgangur þeirra að upplýsingum sem ekki skilja íslensku sé heftur. Ljóst sé að á Íslandi dvelji að jafnaði hópur fólks tímabundið sem ekki sé hægt að ætlast til að skilji íslensku til fullnustu. Því er til að svara að aðgerðin snýst um að íslenskan sé í fyrsta sæti í opinberu rými og almannarými en eftir sem áður er rétt og sjálfsagt að miðla upplýsingum jafnframt á öðrum tungumálum. Bent var á að setja þyrfti skýr viðmið um skilti og merkingar í almannarýminu. Það verður tekið til athugunar í framhaldinu. Aðrar athugasemdir snerust um að hægt væri að nefna til fleiri samstarfsaðila. Sá listi er einvörðungu í dæmaskyni og þátttaka fleiri aðila æskileg. Íslenskri málnefnd er bætt við listann enda hefur hún það hlutverk að ráðleggja stjórnvöldum í málefnum íslenskunnar.

Viðbrögð við umsögnum um aðgerðir á forræði félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ber meginábyrgð á fimm aðgerðum sem margir af þeim 36 sem sendu inn umsagnir tjáðu sig um. Almennu voru góð viðbrögð við fyrstu aðgerðinni um starfstengda íslenskufræðslu samhliða vinnu sem mun fara fram á forsendum vinnustaða og starfsmanna. Eyrnamerktu fjármagni mun vera veitt til að styðja við fræðsluna og faglegan stuðning m.a. með því að hvetja til undirbúningsvinnu, jafningjastuðnings til að tryggja samskipti og notkunar starfstengdra orðalista eins og best hentar hverju fyrirtæki. Þær áherslur ættu að koma til móts við ábendingar um aukinn skýrleika, samræmi og sérstöðu úrræðisins sem kom fram m.a. fram hjá Árnastofnun, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Tungumálaskólanum ehf. og Símennt. Þá er tekið undir sjónarmið Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins að kveða fastar að orði um aðkomu fyrirtækja og stjórnenda sem hluta af aðilum vinnumarkaða sem dæmi um samstarfsaðila. Og þar sem dæmi um samstarfsaðila eru almennt orðuð þá gefur sú nálgun færi á að leita eftir þeirri sérstöku þekkingu, sem mögulega vantar upp á, í samstarfi við þá sem best þekkja vettvanginn og hafa reynslu af sérhæfðri tungumálaþjónustu við fullorðna innflytjendur. Þannig er komið til móts við ábendingar Háskólans á Bifröst og Símenntar um frekari aðkomu að aðgerðinni en rými þarf að vera til að meta þörf á kortlagningu eða greiningum á þróun og framkvæmd úrræðisins.

Hvað varðar aðgerð nr. 2, *Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur*, benda Eiríkur Rögnvaldsson, Sigríður Sigurjónsdóttir, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Hugvísindasvið á mikilvægi þess að nýta þá

sérfræðiþekkingu og reynslu sem er innan Háskóla Íslands í kennslu íslensku sem öðru máli. Tekið er undir þau sjónarmið að aðkoma sérfræðinga Háskóla Íslands sé mikilvæg í greiningarvinnu á gæðum íslenskukennslu fullorðinna innflytjenda og er skerpt á því. Þá er aðkoma fræðsluaðila einnig mikilvæg til að taka þátt í úttekunum til að svara ósk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um sýnilegri aðkomu sem samstarfsaðila. ASÍ bendir á að íslenskunámið verði að taka mið af væntingum og tekið er undir það að nema raddir notenda í gegnum gæðakerfi fræðsluaðila og setja þær fram með skýrum hætti. ASÍ bendir einnig á að námið þarf að vera óháð búsetu og efnahag en vænta má útfærslu á kostnaðarliðnum m.a. undir aðgerð nr. 17 og innan heildarendurskoðunar á framhaldsfræðslukerfinu.

Fjöldi umsagna varða fagmennsku þeirra sem kenna innflytjendum íslensku utan formlega skólakerfisins en með aðgerðinni á að draga fram og meta ánægju og viðhorf þátttakenda og markvissa námsframvindu. Þá á einnig að huga að starfsaðstæðum kennara og hvaða stuðning þeir þurfi til að ná árangri í kennslu. Umsagnaraðilar ræða m.a. þær hæfnikröfur sem gera má til kennaranna, hvernig efla megi fagþekkingu þeirra, aðgengi að faglegri ráðgjöf og hverjir eigi að hafa eftirlit með þeim gæðum. Eftirtaldir aðilar fjalla um þessi málefni sem tekið er undir að eru brýn: Símennt – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, Mími símenntun, ASÍ, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Austurbrú, Menntamálastofnun – miðlunarsvið, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Tungumálaskólinn.

Varðandi stöðu og þróun á hæfnikröfum til þeirra sem kenna innflytjendum íslensku utan formlega skólakerfisins er vísað til víðtæks samráðs sem fer fram á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis 2022–2024 um annars vegar heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu og hins vegar um heildarstefnumótun í málefnum innflytjenda. Innan þeirra hópa verður hlustað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og upplýsingum safnað um stöðu kennara og starfsaðstæður þeirra. Svo virðist sem kennarar vinni mikið í verktöku samkvæmt Mími Símenntun sem skapar þá ekki nægilega festu og getur komið niður á gæðum og námsframboði. Oft er kennslan aukastarf og þá kennt á kvöldin sem ekki hentar alltaf fullorðnum þátttakendum með t.d. fjölskylduábyrgð. Þá bendir Sigríður Huld Jónsdóttir á að tryggja þurfi starfsþróun kennaranna óháð aldri eða bakgrunni nemenda þeirra og Menntavísindasvið Háskóla Íslands segir að skýra þurfi kröfur um hæfni kennara til að kenna íslensku almennt og efla menntun þeirra sem kenna íslensku sem annað mál.

Tekið er undir ábendingar um þennan mikilvæga þátt, m.a. með því að bæta við nýrri aðgerð, nr. 19, *Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál*. Að öðru leyti er vísað til texta í greinargerð þar sem skoða á í úttekum hvaða faglegan stuðning eða breyttu aðkoma stjórnvalda þarf til, til að gera bragabót á málaflöknum og auka starfsöryggi íslenskukennara utan formlega skólakerfisins þannig að fullorðnir innflytjendur hafi aðgang að úrvals námi við hæfi.

Ábending kom frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands varðandi aðgerð nr. 15, *Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á fagtengdum grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum*. Bent var á að skýran greinarmun þurfi að gera á milli íslenskunámskeiða annars vegar og fagtengdra grunnnámskeiða hins vegar. Tekið er undir það þar sem stefnt er að auknu gagnsæi gæðastarfs og skýrari framsetningu fjölbreytilegs íslenskunáms. Orðalagi um grunnnámskeiðin er því breytt því til samræmis og um leið bent á að þar er um að ræða fagtengd grunnnámskeið erlendra starfsmanna (eða þeirra sem hyggja á störf á þeim vettvangi) með tungumálastuðningi á þeirra móðurmáli til að læra íslensku. Íslenskunámskeiðin eru hins vegar kennd samkvæmt námskrá, ekki eins sérhæfð og almennt opin öllum meðan pláss leyfir.

Nokkrar ábendingar bárust um orðalag aðgerðar nr. 17, *Íslenska handa öllum*, m.a. frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Hugvísindasviði Háskóla Íslands, Eiríki Rögnvaldssyni og ASÍ þar sem m.a. var óskað eftir meiri skýrleika í framsetningu og mikilvægi umburðarlyndis áréttað í samhengi krafna og hvata til íslenskunáms. Leitast var við að uppfæra orðalag aðgerðarinnar með hliðsjón af því en þar sem vitað er að aðgerðin er nýmæli á Íslandi og mjög umfangsmikil var upphafi vinnunnar seinkað um eitt ár til að tryggja góðan undirbúning og samráð.

Viðbrögð við umsögnum um aðgerðir á ábyrgð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

Í umsögnum sem bárust um aðgerð 4, *Fjarnám í íslensku á BA-stigi*, kom fram ábending frá Eiríki Rögnvaldssyni um að Háskóli Íslands sé eina menntastofnunin þar sem íslenska er kennd til B.A. prófs og

samstarfsaðilar um námið séu í því ljósi sérkennilegir auk þess sem tímaáætlunin sé óraunhæf. Því er að svara að nýlega var komið á samstarfi milli Hugvísindasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Háskólann á Akureyri þar sem boðið verður upp á sameiginlegt fjarnám með skilvirku flæði á milli íslenskunámskeiða við HA og tveggja fræðasviða HÍ. Háskólinn í Reykjavík hefur unnið að máltækni og er því samstarf þessara aðila við HÍ og HA gagnlegt. Þó er bent á að aðeins eru tekin dæmi um samstarfsaðila og frjálst að fleiri komi að verkefninu eins og vilji stendur til. Verkefnið er komið vel á veg innan háskólanna og er innan fjárheimilda en tekið er undir að tíminn sé of naumur og því verður aðgerðinni seinkað um ár í þessari aðgerðaráætlun svo háskólunum gefist nauðsynlegur tími til undirbúnings.

Varðandi aðgerð 5, *Sameiginlegt fjarnám í íslensku sem öðru máli*, kom fram í athugasemd frá Hugvísindasviði HÍ að aðgengi að íslenskukennslu fyrir innflytjendur sé takmarkað og ójafnt, hvort sem litíð er til búsetu þeirra eða félagslegrar stöðu. Með öflugra fjarnámi í íslensku sem öðru máli og góðu samstarfi stofnana víðsvegar um landið megi vinna gegn þeim aðstöðumun og er það markmiðið með aðgerðinni. Verkefnið var fjármagnað með úthlutun úr Samstarfi háskóla sem er ætlað að hvetja til aukins samstarfs milli háskólanna en eftir að námið hefur verið komið á fót verði það fjármagnað af háskólunum eins og annað námsframboð þeirra. Austurbrú benti á að samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir að staðlotur geti farið fram á Austurlandi og er óskað eftir að nemendum standi til boða staðlotur á Reyðarfirði eins og í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði. Þakkað er fyrir ábendinguna og samstarfsvilja sem verður komið á framfæri. Brýnt er að fyrirkomulag námsins henti sérhæfðu umhverfi fjarnáms og er tekið undir þá umsögn sem barst frá Árnastofnun.

Aðgerð 6, *Háskólabrú fyrir innflytjendur*, er mikilvæg aðgerð til þess að opna fleiri innflytjendum leiðir í háskólanám en ljóst er að mun færri innflytjendur ljúka framhaldsskólanámi og hefja nám í háskóla en íslenskir jafnaldrar þeirra. Háskólar hafa brugðist við þessum vanda eins og sjá má af athugasemdum sem bárust um samstarfsaðila og ábendingar um þá reynslu sem hefur þegar byggst upp innan háskóla-samfélagsins. Ábendingar bárust frá Eiríki Rögnvaldssyni, Háskólanum á Bifröst og Háskólabrú Háskólans í Reykjavík. Aðgerðin byggir á verkefni sem HA og HÍ fengu fjármagn fyrir úr Samstarfi háskólanna og HA leiðir en tekið er undir að Háskólinn á Bifröst býr yfir reynslu og þekkingu með námsleið sinni og er þakkað fyrir þann samstarfsvilja sem kemur fram í athugasemdum HB og Háskólabrú HR. Tekið er undir þær ábendingar sem bárust frá Hugvísindasviði HÍ að fleiri aðgerða sé þörf til að mæta þörfum innflytjenda og opna fleiri leiðir í háskólanám. Einnig er þakkað fyrir gagnlega ábendingu frá Íðorðafélaginu um aðgerðina en þar er ítrekað mikilvægi íslenski fræðiorðaforða fyrir háskólanám og að innflytjendur þekki og nýti Íðorðabankann sem hefur að geyma fjölmörg íðorðasöfn í ýmsum náms- og sérgeinum.

Eiríkur Rögnvaldsson bendir á mikilvægi þess að efla rannsóknir á íslensku máli og stöðu þess og því að á 15 árum hefur akademískum störfum í íslenskri málfræði fækkað um fimm með tilheyrandi fækkun rannsókna á sviðinu. Bent er á að háskólarnir sjálfir stjórna úthlutun fjármagns í fræðasvið sín og koma stjórnvöld þar ekki að. Í 2. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, segir: „Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið“ og í 2. gr. a segir: „Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.“

Í umsögnum sem bárust frá Hugvísindasviði HÍ komu fram lýsingar á samstarfsverkefninu Íslensku- og máltæknijarni, sem HVIN hefur styrkt sérstaklega með framlagi úr Samstarfi háskóla. Samstarfið um kjarnann er víðtækt, fjórir háskólar koma að því, rannsóknarstofnanir og fræðslumiðstöðvar um land allt. Stofnun Árna Magnússonar bendir á mikilvægi þess að umbunarkerfi akademískra háskóla geri ráð fyrir íðorðastarfi háskólakennara. Þar sem háskólarnir sjálfir stjórna umbunarkerfi sínu geta stjórnvöld ekki brugðist við þessari athugasemd en tekið er undir mikilvægi þess að öflugt íðorðastarf sé stundað í íslensku háskólastarfi. Athugasemd barst frá íslenskri málnefnd um að sérstakt markmið verði sett um styrkingu fræðastarfs og háskólanáms í íslenskri málfræði og íslenskum bókmenntum. Í tilefni af því er rétt að ítreka áður tilvitnaðar greinar 2 og 2a úr lögum um háskóla, nr. 63/2006. Því tekur aðgerðaráætlunin ekki á ofangreindu.

Viðbrögð við umsögnum um aðgerðir á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytis.

Mennta- og barnamálaráðuneytið ber ábyrgð á fimm aðgerðum í aðgerðaráætluninni, nokkuð margar umsagnir bárust sem snúa að þessum aðgerðum.

Varðandi aðgerð 3, *Virkjun Samevrópska tungumálarammans*, þá verður tekið til greina umfjöllun um málefni nemenda með íslensku sem annað mál við næstu endurskoðun á aðalnámsskrá framhaldskóla eins og fram kom í umsögn Menntamálastofnunar þá hafa orðið miklar breytingar á samfélaginu sem þarf að taka tillit til. Einnig kom fram hjá Menntamálastofnun að „Samtímis verði unnið að þrepaskiptri hæfnilýsingu í íslensku sem öðru máli sem verði ígildi námsskrár meðan á innleiðingu prófanna stendur.“ Ekki kemur fram fyrir hvaða skólastig „ígildi námsskrár“ á að vera en að öllum líkindum er átt við námsskrá fyrir fullorðna námsmenn. Búið er að skýra það betur í aðgerðaráætluninni, þökkum fyrir þessa ábendingu. Fram kom hjá formanni Kennarasambandsins að tímarammi verkefnisins væri mjög þröngur. Það er svo sannarlega rétt, einungis er átt við að þróun á samevrópska tungumálarammanum muni fara fram á árunum 2023–2025, að því loknu mun innleiðing eiga sér stað. Gerðar hafa verið breytingar á texta til að skýra þetta betur. Málnefnd Háskóla Íslands bendir réttilega á að hæfni kennara verði ekki eingöngu mæld eftir Samevrópska tungumálarammanum. Í fyrstu aðgerðaráætlun Menntastefnu til ársins 2030 er aðgerð 5: Hæfni fagstétta í skólastarfi þar sem nokkrir verkþættir snúa að þessu máli. Þakkað er fyrir ábendingar og samstarfsvilja, einungis er talað um dæmi um samstarfsaðila og er listinn því ekki lokaður.

Margar góðar ábendingar bárust um starfsemi skólasafna, sbr. aðgerð 11, *Öflug skólasöfn*. Þar sem málefni skólasafna falla undir bókasafnalög nr. 150/2012, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 er þörf á að samræma kröfur til safna sem þjónusta grunn- og framhaldsskólanema. Sum skólasafna eru jafnframt samrekin almenningsbókasöfnum sem hefur áhrif á tölulegan samanburð safna. Í umsögnum var einnig bent á safnkost leikskóla. Bókasafnaráð vinnur þessar mundir að stefnumörkun um starfsemi bókasafna sem mun ná til skólasafna sem og annarra safna. Því verður óskað eftir aðkomu bókasafnaráðs, félags fagfólks á skólasöfnum og fleirum eftir því sem við á við kortlagningu skólasafna.

Gagnlegar umsagnir bárust sem snúa að aðgerð 12, *Vefgátt fyrir rafræn námsgögn*. Tæknilausnin var valin með það í huga að hún myndi henta öllum skólastigum og þar verður hægt að nálgast bæði efni sem er nemendum að kostnaðarlausu sem og gegn gjaldi t.d. efni fyrir framhaldsskólana. Þá mun vefgáttin auðvelda endurútgáfu á eldra efni fyrir öll skólastig. Í greinargerðinni með þingsályktuninni er tekið fram að unnið verður í samráði við haghafa sem koma að útgáfu námsgagna.

Mótun samræmds verklags um móttöku, kennslu og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í aðgerð 13, *Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu*, er unninn í samráði við breiðan hóp fagaðila. Verkefnið er vítt og kemur við mörg skólastig og fjölbreyttan hóp þjónustuveitenda. Það er ljóst að samráð er lykilatriði í framhaldi vinnunnar og verður litið til þeirra athugasemda sem hér hafa borist í því samhengi.

Ákveðið var að aðgerð 14, *Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi*, snúi fyrst að fyrstu skólastigunum því að þar fer fram fyrsta málörvun barna. Talið er að brýnasta þörfin sé á neðstu skólastigunum. Mikilvægt er að við snúum okkur síðan að framhaldsskólastiginu því að eins og Menntavísindasvið Háskóla Íslands tekur fram er fjöldi nemenda með íslensku sem annað mál alltaf að aukast.